



Skagafjörður

Skemmtilegur í fríinu!

www.visitskagafjordur.is



Velkomin í Skagafjörð

Skagafjörður er kjörinn áfangastaður til að upplifa og njóta íslenskrar náttúru, hestamennsku, viðburða árið um kring og afþreyingar fyrir alla fjölskylduna. Sögustaðir eru fjölmargir, einnig söfn og sýningar. Í Skagafirði er einstakt tækifæri til að njóta bæði ríkulegs menningararfs og blómlegs menningarlífs.

Kynntu þér í þessum bæklingi hvað Skagafjörður býður upp á og fáðu þjónustu starfsfólks Upplýsingamiðstöðvarinnar í Varmahlíð til að klæðskerasama fyrir þig frábært frí í Skagafirði.

Fjölbreytt afþreying

- Sundstaðir
- Gönguleiðir
- Söfn og sýningar
- Fuglaskoðunarstaðir
- Golfvellir
- Flúðasiglingar
- Hestaferðir
- Hestasýningar
- Skíðasvæði

Úrval gistingar

- Heilsárshótel
- Sumarhótel
- Gistiheimili
- Bændagisting
- Sumarhús
- Tjaldsvæði



Góðar veitingar

Veitingastaðir eru í öllum þéttbýliskjörnum; Hólum, Hofsósi, Sauðárkróki, Varmahlíð og víðar í Skagafirði.

Samvinnuverkefnið Matarkistan Skagafjörður miðar að því að auka þátt skagfirskrar matvöru og matarmenningar í framboði veitinga, þannig að gestir njóti gæðahráefnis og upplifi matarmenningu svæðisins.



Upplýsingar fyrir ferðamenn

Í Varmahlíð er Upplýsingamiðstöð ferðamála fyrir Norðurland vestra (s: 455 6161) og er hún opin allt árið. Þar má fá allar upplýsingar fyrir ferðafólk og kaupa skagfirskt handverk – ullarvörur, gjafavöru og eigulega muni.

Á vefnum www.visitskagafjordur.is finnur þú nánari upplýsingar um ferðapjónustu í Skagafirði.



Glaumbær

Í meira en hálfa öld hefur Byggðasafn Skagfirðinga boðið upp á sýninguna „Mannlíf í torfbæjum“ í Glaumbæ, þar sem sjá má hversdagsáhöld í sínu eðlilega umhverfi, vitna um horfna tíð og daglega iðju fólks fyrr á öldum.

Við Glaumbæ eru einnig tvö 19. aldar timburhús, Gilsstofa og Áshús, en í því síðarnefnda er rekið kaffihús og einnig safnbúð. Þar má upplifa stemningu liðinna tíma og bragða á gómsætu bakkelsi að þjóðlegum hætti.

Á efstu hæð Áshúss er sýning á ýmsum heimilisbúnaði. Þar er einnig 300 ára kaffisaga Íslendinga, þjóðbúningar og

útskornir nytjahlutir, sem margir eru eftir Hjálmar Jónsson frá Bólu og af heimili hinnar merku átta barna móður á Merkigili, Moniku Helgadóttur. Heimsókn í torfbæinn og Áshús tengir okkur við forfeður okkar og rammíslenskar rætur á ógleymanlegan hátt. Glaumbær er við Sauðárkróksbraut, skammt norðan við Varmahlíð.

Vesturfarasetrið á Hofsósi

Merkilegar sögusýningar um ferðir Íslendinga til Vesturheims á árunum 1870 til 1914, þegar um fimmtungur þjóðarinnar leitaði nýrra tækifæra og flúði bág kjör og erfiðar aðstæður hér á

landi. Í Vesturfarasetrinu eru ættfræði-, upplýsinga- og fræðslumiðstöð, fyrirlestrasalur, verslun og bókasafn.

Vissirðu að...

...elsta sálm sem sunginn er á íslensku, Heyr, himna smiður, orti Kolbeinn Tumason bóndi á Víðimýri fyrir árið 1208?

Víðimýrarkirkja

Rétt sunnan Varmahlíðar er Víðimýrarkirkja, sem Kristján Eldjárn, fyrrum forseti og þjóðminjavörður, sagði vera: „einn stílhreinasta og fegursta minjagrip



Sagan við hvert fót mál

Skagafjörður státar af ríkulegum menningararfi og frægum sögustöðum



Íslenzkrar gamallar byggingarlistar." Víðimýri var eitt af höfuðbólum Ásbirninga og aðsetur ættarhöfðingja þeirra. Núverandi torfkirkja var reist árið 1834 úr bindingsverki sem algengast var í húsum hér á landi upp úr miðri 18. öld. Á hverju sumri heimsækja kirkjuna upp undir tíu þúsund gestir, en hún er friðlýst og í umsjá Þjóðminjasafns Íslands.

Minjahúsið á Sauðárkróki

Í Minjahúsinu á Sauðárkróki er sýning sem er einstök á landsvísu. Það er upplifun að skoða aðbúnað lítilla véla-, trésmíða-, úrsmíða-, og söðlaverkstæða eins og þau voru hér áður fyrr. Sum verkstæðanna

voru flutt í Minjahúsið í heild sinni. Sýningin „Margt býr í moldinni“ kynnir á einstakan hátt fornleifauppgröft í Skagafirði. Í Minjahúsinu er einnig safnbúð.

Samgönguminjasafnið í Stóragerði

Í Stóragerði í Óslandshlíð, rétt sunnan Hofsóss, er sýning með gömlum vélum og bílum. Þar má sjá ýmis falleg eðaltæki frá fyrstu áratugum bifreiðaaldar.

Vissirðu að...

...bæjardyrhúsið á Reynistað er stórkirkileg stafverksbygging frá 18. öld?



Sturlungaöldin í Skagafirði

Sturlungaöldin, sem var mest öll 13. öldin, er einn ofbeldisfyllsti tími Íslandssögunnar. Þá herjuðu valdamiklir höfðingjar hver á annan með gripdeildum og vígaferlum, en margir afdrifaríkustu atburðir þessarar sögu tengjast Skagafirði.

Örlygsstaðabardagi (1238) er fjölmennasta orrusta Íslandssögunnar. Þar börðust tæplega þrjú þúsund manns.

Flóabardagi (1244) er eina sjóorrusta Íslandssögunnar. Þar börðust Þórður kakali og Kolbeinn ungi, sem sigldi skipum sínum frá Selvík á Skaga og út á Húnaflóa, þar sem bardaginn fór fram.

Haugnesbardagi (1246) er mannskæðasti bardagi á Íslandi. Þar létu lífið hátt í eitthundrað manns.



Flugumýrarbrenna séð með augum skagfirska listmálarans Jóhannesar Geirs.

Flugumýrarbrenna (1253) var einn óhugnanlegasti atburður Sturlungaaldar. Þar reyndu menn Þórðar kakala að brenna inni Gissur Þorvaldsson, síðar jarl. Yfir tuttugu manns fórust í brunanum, en Gissur slapp með því að sökkva sér í sýruker.

Víða í Skagafirði eru staðir sem tengjast atburðum þessarar sögu og það getur verið fróðleg upplifun að ferðast um Skagafjörð með opna handbókina *Á Sturlungaslóð í Skagafirði*. Þar er fjallað um þessi átök og helstu þátttakendur, auk þess sem þar er sagt frá byggð og landbúnaði í Skagafirði á þjóðveldistímanum.



Í Skagafirði býðst úrval afþreyingar og útivistar við allra hæfi

Sund

Sundferðir eru í senn frískandi og slakandi afþreying á ferðalögum, en í Skagafirði eru yfir sumartímann opnar alls sex sundlaugar vítt og breitt um fjörðinn. Svo er auðvitað einstök upplifun að komast í heitt bað í Grettislaug á Reykjaströnd.

Sundlaugarnar á Sauðárkróki og í Varmahlíð eru opnar allt árið. Á öllum sundstöðunum eru notalegir heitir pottar þar sem upplagt er að slaka á eftir góðan ferðadag í Skagafirði.

Vissirðu að...

ný og glæsileg keppnisbraut fyrir torfærumótorhjól er á Sauðárkróki?

Flúðasiglingar

Flúðasiglingar á jökulsánum í Skagafirði eiga vaxandi vinsældum að fagna, enda sameinar slík ferð frábæra skemmtun, spennu og ferðalag um einstök náttúruundur.

Tvö fyrirtæki í Skagafirði hafa áralanga reynslu af því að bjóða örugga og góða þjónustu við allra hæfi, en hægt er að velja um mismunandi erfiðleikastig, sem hentar bæði fjölskyldufólki sem og ofurhugum. Nánari upplýsingar má nálgast í Upplýsingamiðstöðinni, en flúðasiglingar í Skagafirði eru mögnuð upplifun sem seint gleymist!

Gönguferðir

Skagafjörður býður upp á fjölbreyttar og fagrar gönguleiðir, hvort sem áhugi er á stuttri göngu og léttri útiveru, eða lengri og meira krefjandi ferð fyrir göngugarpa.

Léttar og skemmtilegar fjölskylduleiðir eru á mörgum stöðum í eða við þéttbýli, s.s. í Litla-Skógi á Sauðárkróki, Hólaskógi í Hjaltadal og á Reykjarhóli í Varmahlíð.

Gott er hafa meðferðis handhægar upplýsingar þegar farið er í gönguferð í náttúrunni (sjá baksíðu).

Fjallaskálar í eigu Ferðafélags Skagafirðinga auka á möguleika í samsetningu gönguferða í óbyggðum, bæði við hálendisbrúnina og í fjöllunum vestan Skagafjarðar. Hægt er að fá upplýsingar um gönguleiðir og fjallaskála í Upplýsingamiðstöðinni í Varmahlíð, eða á vefsíðunni www.ffi.is

Vinsælustu fjöllin hjá göngugörpum eru Mælifellshnjúkur, Molduxi, Tindastóll og Hólabyrða sem öll eru með stikaðar gönguleiðir, en perlurnar Austurdalur og Tröllaskagi njóta vaxandi vinsælda útivistarfólks.

Á hestbaki í Skagafirði

Í Skagafirði ættu allir að geta fundið hestaferðir við sitt hæfi. Boðið er upp á hestaleigu, margra daga hálendisferðir og allt þar á milli. Víða er stutt frá bæjum inn í óbyggðir þar sem hægt er að upplifa náttúruna og afdalakyrðina.



*Komdu út
að leika*

Afpreyningar- og útivistarmöguleikar
eru fjölmargir í Skagafirði

Fuglaskoðun

Í Skagafirði er mjög fjölbreytt fuglalíf, t.d. hafa flestallar endur sem verpa á Íslandi sést hér. Eylendið í Skagafirði er einn af fáum stöðum á landinu þar sem sjá má mikinn fjölda flórgoða. Sigling undir sjófuglabjörgin í Drangey er flestum ógleymaleg upplifun. Héraðið er eitt mikilvægasta viðkomusvæði hellingja á Íslandi og þar að auki hafa hátt í 50 tegundir flækinga sést í Skagafirði á undanförunum árum.

Á fjórum góðum fuglaskoðunarstöðum í nágrenni Sauðárkróks (sjá kort í miðopnu) hafa verið sett upp upplýsingaskilti fyrir ferðamenn, en þau eru við Áshildarholtsvatn (norðvesturhorn),

við tjarnir við flugvallarafleggjara og á tveimur stöðum í Hegranesi; við norðurhluta Garðsvatns og neðan við ferðabjónustubýlið Keldudal.

Vissirðu að...

...þegar Skagafirðingar fara austur eða vestur yfir Héraðsvötn er sagt að þeir *fari yfir um*, eða *séu fyrir handan?*

Sigling á Skagafirði

Drangey er eitt af helstu kennileitum Skagafjarðar, þar sem hana ber tignarlega við himin fyrir miðjum firði. Við hlið

hennar stendur Kerlingin, klettastapi sem þjóðsagan segir að hafi verið tröllkerling að reka kúna sína yfir fjörðinn, en verið of sein og orðið að steini þegar sólin kom upp. Drangey er því kýrin. Karlinn sem teymdi kúna var norðan við eyjuna, en hrundi í jarðskjálfta 1755.

Í Drangey gefur að líta hrikalega náttúrufegurð og fjölskrúðugt fuglalíf. Þarna bjó útlaginn Grettir með bróður sínum Illuga og þrælnum Glaumi í þrjú ár, en var á endanum veginn í ynni. Drangey var einnig forðabúr eða matarkista Skagafirðinga um aldir, og þangað sóttu þeir m.a. fugl og egg.

Yfir sumarið er hægt að komast í siglingar um Skagafjörð, t.d. í Drangey,

Málmei og Þórðarhöfða, frá Sauðárkróki og Reykjum.

Veiði

Víða í Skagafirði er hægt að komast í veiði, bæði í fugl og fisk. Stangveiði er góð í mörgum vötnum og ám, og t.d. eru veiðivötn á Skaga vinsæl meðal stangveiðimanna. Einnig er hægt að komast í sjóstangveiði, svartfugl, gæs eða rjúpu. Svo er alltaf sígild fjölskylduskemmtun að veiða í fjörum eða dorga á bryggjum.


Golf

Hlíðarendavöllur ofan við Sauðárkrók er einn lengsti 9 holu golfvöllur landsins, í

fögru og fjölbreyttu umhverfi. Talsvert brot er í vel grónum brautunum, sem gerir völlinn að skemmtilegri áskorun fyrir alla golfara. Mikil kyrrð í fallegu landslagi veitir sérstaka upplifun á 9 holu golfvöllinum í Lónkoti, 12 km norðan við Hofsós. Útsýni er þar einstakt yfir Skagafjörðinn, þar sem við blasa Drangey, Málmei og Þórðarhöfði.

Svo miklu meira

Ýmislegt annað er hægt að gera sér til afþreyingar og skemmtunar í Skagafirði, s.s. fara í jeppaferð inn á hálendið eða heimsækja skotsvæði Ósmanns við Sauðárkrók. Einnig er keppnisbraut fyrir torfærumótorhjól á Sauðárkróki.



Fjölskyldan saman

Allir fjölskyldumeðlimir geta látið ósk sína um skemmtilegt frí rætast í Skagafirði



Skagfirsk hestamennska

Skagafjörður er einn af þekktustu áfangastöðum hestamanna og, er héraðið oft nefnt vagma íslenskrar hestamennsku. Hér fléttast saman saga manns og hests frá öröfi alda. Í Skagafirði eru mörg þekktustu hrossaræktarþú landsins og margir helstu ættfeður íslenska hrossastofnsins eru úr Skagafirði, t.d. Hörður frá Kolkuósi, Hrafn frá Holtsmúla, Ófeigur frá Flugumýri, Hervar frá Sauðárkróki og Feykir frá Hafsteinsstöðum. Í Skagafirði starfa þrjú hestamannafélög, Stígandi, Léttfeti og Svaði. Árlega eru margir fjölsóttir viðburðir í Skagafirði sem tengjast hestinum.

Í Skagafirði er fjöldi hestaleiga og einnig boðið upp á lengri og skemmri hestaferðir, sýningar um íslenska hestinn og heimsóknir á hrossaræktarþú.

Sögusetur íslenska hestsins

Sögusetur íslenska hestsins er alþjóðleg miðstöð þekkingar og fræðslu um íslenska hestinn, með aðsetur að Hólum í Hjaltadal. Þar er í Theodórsstofu sýning sem fjallar um ævi og störf Theodórs Arnbjörnssonar, hrossaræktarráðunautar

Búnaðarfélags Íslands, 1920-1939. Stefnt er að því að opna viðamikla sögusýningu um íslenska hestinn að Hólum árið 2011.

Hestafræðideild á Hólum

Við Háskólann á Hólum er starfrækt hestafræðideild sem er alþjóðleg mið-

Íslenski hesturinn

Skagafjörður er einn þekktasti áfangastaður hestamanna á Íslandi

Vissirðu að...

í Landnámu er elsta heimild um hross á Íslandi, þar sem segir frá hryssunni Flugu sem Flugumýri heitir eftir?



Reiðhöllin Svaðastaðir

Alþjóðlegir hestadagar, Tekið til kostanna, eru haldnir árlega í apríl, fyrstu helgi sumars. Frá fimmtudegi og fram á sunnudag eru skipulagðir hestatengdir viðburðir um allan Skagafjörð. Hápunktur hestadaganna eru stórsýningar í Reiðhöllinni Svaðastaðum á föstudags- og laugardagskvöldum.

Uppskeruhátíð hestamanna er haldin á sama stað föstudagskvöldið fyrir Laufskálarétt. Um er að ræða hestasýningu og fjölbreytta skemmtidagskrá.

Skagfirska mótaröðin fer þar fram frá febrúar til apríl.

stöð rannsókna og menntunar á sviði reiðkennslu, tamninga, hrossaræktar og reiðmennsku. Árlega útskrifast þaðan fjöldi hestafræðinga.

Landsmót hestamanna

Landsmót hestamanna eru stærsti við-

burður hestamanna á Íslandi og draga að jafnaði að sér 12-15 þúsund innlenda og erlenda gesti. Fjölmörg Landsmót hafa verið haldin á Vindheimamelum í Skagafirði. Næst verður þar Landsmót árið 2010.

SKEMMTILEGIR ÁNINGARSTAÐIR OG UPPLÝSINGASKILT

Fornleifavernd og Þjóðminjasafnið

Upplýsinga- og söguskilti Fornleifaverndar og Þjóðminjasafns tengja okkur sögu og fornri menningu. Þau eru víða í Skagafirði.

- Grafarós (leifar 19. aldar verslunarstaðar)
- Bænhúsið í Gröf (torfkirkja að stofni frá 17. öld)
- Hólar í Hjaltadal (biskupssetur frá 1106. Átjándu aldar steinkirkja)
- Nýibær á Hólum (torfbær frá 19. öld)
- Hegranesþing (leifar þingstaðar frá þjóðveldistíma)
- Víðimýri (torfkirkja frá 19. öld)
- Hof í Hjaltadal (fornleifar frá þjóðveldistíma)
- Flugumýri (virkisleifar á virkishól frá Sturlungaöld)
- Örlugsstaðir (garðleifar á gerðinu þar sem bardaginn var háður árið 1238)

Áningarstaðir Vegagerðarinnar

- Arnarstapi
- Varmahlíð
- Laufútn
- Vesturós Héraðsvatna
- Gatnamót Austur- og Vesturdals (hálandisupplýsingar)
- Ketilás
- Hjaltadalur (gatnamót Hofsóssvegur og Hjaltadalsvegur)
- Skógarhlíð í Norðurárdal (bekkur/borð)
- Höfðahólar á Höfðaströnd (bekkur/borð)
- Fornustaðir í Fljótum (bekkur/borð)

Fuglaskoðunarstaðir með upplýsingaskiltum

- Áshildarholtsvatn
- Afleggjari við Alexandersflugvöll
- Garðsvatn
- Keldudalur

1

Áshildarholtsvatn

Gaman að ganga gamla malarveginn, með vatnið og fuglana á aðra hönd, og mófuglasöng á hina.



2

Haganesvík í Fljótum

Fuglavarp, bátautgerð og gömul byggð.



3

Litli-Skógur

Skemmtilegt útivistarsvæði í Sauðárgili með skógrækt, göngustígum og leiktækjum.



4

Vesturós

Bilastæði, upplýsingaskilti, göngustígar, gamla Héraðsvatnabrunn og endurbýgt ferjumannskýli.



5

Grettislaug

Gott að láta ferðapreytuna líða úr sér í laug sem hlaðin var á staðnum þar sem Grettir hlýjaði sér eftir Drangeyjarundið.



6

Staðarbjargavík

Stuðlaberg í fjörinni fyrir neðan Hofsófs, einstaklega skemmtilegur staður að skoða.



7

Bólugil

Gengið upp með áni, að gríðarfallegu giliinu þar sem skessan Bóla hélt sig.




8

Merkigil

Skemmtileg gönguleið frá Gilsbakka í gegnum gil, að bænum Merkigili.



Perlur á



festinni

9

Kirkjustígur

Gengið frá Sauðárkrókskirkju upp stíg utan í Nöfunum. Útsýnisskífa og gott útsýni yfir gamla bæinn á Sauðárkróki.



10

Gvendarskál

Stikuð gönguleið er í Gvendarskál en þangað fór Guðmundur góði Hólabiskup til bæna. Frábært útsýni yfir Hjaltdalinn.



11

Reykjafoss

Stutt ganga frá Vindheimamelum að einum fallegasta fossi í Skagafirði.



12

Þórðarhöfði

Stórkostleg náttúruferður og skemmtilegar gönguleiðir. Forn eldfjallarást og í toppi höfðans er gígskál.



13

Hegranes

Fuglalíf og fornleifar (upplýsingaskilti í Keldudal), auk álfa og huldulúks í Hegranesi.



14

Mælifellshnjúkur

Merkt gönguleið uppá topp, með óviðjafnanlegu útsýni yfir hálf Ísland.



15

Borgarsandur

Milli Sauðárkróks og Vesturóss Héraðsvatna. Lóng sandfjara þar sem gaman er að ganga og leika sér.



16

Reykjarhóll

Yndislegur staður fyrir lautarferð, göngustígar í skógræktinni, útsýnisskífa og góð sýn yfir fjörðinn.



GÓÐIR GRANNAR

Upplagt er að fara í dagsferðir úr Skagafirði og skoða það sem nágrennar okkar hafa upp á að bjóða, s.s. söfn og sýningar, eða upplifa fallega náttúru og fjölskrúðugt menningarlíf.

Í austri státa Siglfirðingar m.a. af hinu verðlaunaða Síldarminjasafni og þar má einnig heimsækja Þjóðlagasetrið. Örstutt er að bregða sér frá Sauðárkróki vestur yfir Þverárfjall og heimsækja Skagastönd með sína kántrýmenningu, en rétt fyrir norðan bæinn er Kálfshamarsvík.

Einnig er stutt yfir á Blönduós þar sem m.a. má fara í skemmtilega gönguferð um Hrótey, kíkja í heimsókn á Heimilisöðnaðarsafnið eða Hafísetrið, sem er í Hillebrandtshúsi, einu elsta timburhúsi landsins.

STUTT TIL ALLRA ÁTTA

Nýr uppbyggður vegur liggur frá Blönduósi yfir Þverárfjall sem styttr vegalengdina til Sauðárkróks niður í 39 km. Aðeins eru rúm 20 kílómetrar á Krókinn frá Þjóðvegi nr. 1 við Varmahlíð og það tekur innan við klukkutíma að aka frá Akureyri í Skagafjörð.

Flugferðir frá Reykjavík eru oft í viku og taka rúman hálf tíma; rútuferðir eru daglega yfir sumartímann.

VEGALENGDIR

Reykjavík - Sauðárkrúkur: 290 km
 Reykjavík - Varmahlíð: 294 km
 Akureyri - Varmahlíð: 94 km
 Varmahlíð - Sauðárkrúkur: 24 km
 Sauðárkrúkur - Hólar: 31 km
 Sauðárkrúkur - Hofsóss: 38 km
 Hofsóss - Ketilás í Fjötum: 30 km



Fáið ykkur bita úr Matarkistu Skagafjarðar

Skagafjörður er mikið matvælahérað en hér mætast fjölbreyttur landbúnaður og öflug vinnsla sjávarafurða. Veitingahús og verslanir leggja sig fram við að kynna fyrir ferðamönnum skagfirskar afurðir og rétti unna úr skagfirskum hráefnum.

Próunarverkefnið Matarkistan Skagafjörður miðar að því að auka þátt skagfirskrar matarmenningar í veitingaframboði á svæðinu þannig að gestir geti

notið gæðahráefnis og upplifað menningu svæðisins. Merki Matarkistunnar er ætlað að draga athyglina að mat sem framleiddur er frá grunni eða að hluta í Skagafirði.

Veitingastaðir sem eru þátttakendur í verkefninu merkja þá rétti á matseðli sem eru að stærstum hluta úr skagfirsku hráefni. Þar má nefna nautakjöt, rækjur, lambakjöt, hrossakjöt, fisk s.s. þorsk og

bleikju, brauð og ost, t.d. mozarellaost. Í verslunum í héraðinu er hægt að finna fjölbreytt úrval af skagfirskum matvörum.

**Kikið eftir merki
Matarkistunnar og
bragðið brot af því besta í
skagfirskum mat!**



Skagafjörður

fyrir stóra
sem smáa



Róló

Í Skagafirði eru margir skemmtilegir róluvellir.



Sandfjörur

Á Borgarsandi við Sauðárkrók er allt fullt af sandi sem gaman er að leika í.



Spark-
vellir

Flottir sparkvellir eru á Sauðárkróki, Hofsósi, Hólum og Varmahlíð.



Dorg
og veiði

Pú getur auðveldlega krækt í marhnút á bryggjunni og silung í fjörunni – björgunarvesti eru til útláns við Sauðárkrókshöfn.



Sundlaugar


og heitir pottar eru á Sauðárkróki, í Varmahlíð, á Hólum, á Bakkaflöt, Steinsstöðum og Sólgörðum.

Sauðárkrókur

Á Sauðárkróki búa um 2600 manns. Þar er fjölbreytt þjónusta; gisting, veitingar, verslanir, sýningar, söfn, tjaldsvæði, skemmtistaðir, sundlaug, sjúkrahús, verkstæði o.fl. Nýr glæsilegur íþróttaleikvangur er í miðjum bænum, sunnan við sundlaugina, þar sem einnig er strandblakvöllur. Í Minjahúsinu við Aðalgötu eru m.a. til sýnis fjögur lítil verkstæði í anda liðinna tíma.

Brekkurnar ofan við bæinn eru fornir sjávarkambur, Nafir. Á Nöfum er útsýnisskífa og gott útsýni yfir gamla bæinn, sveitirnar í kring og út á fjörðinn. Uppi á Nöfum eru frístundabændur með aðstöðu sína og á vorin er hægt að fylgjast þar með lömbum og folöldum innan girðingar. Golfvöllur og aðstaða Golfklúbbs Sauðárkróks eru einnig uppi á Nöfum. Bærinn dregur nafn sitt af Sauða og í Sauðárgili er Litli-Skógur. Þar eru göngustígar og góð aðstaða til útiveru.

Verslun Haraldar Júlíussonar í Aðalgötunni hefur starfað óslitið frá árinu 1919, en þar er hægt að upplifa gömlu



búðarstemninguna eins og hún var á síðustu öld.

Austan við Krókinn er Borgarsandur, tæplega fjögurra kílómetra löng svört sandfjara, þar sem gaman er að byggja sandkastala, fara í gönguferðir eða leika við börnin. Litlu sunnar, við Áshildarholtsvatn, er fjölskrúðugt fuglalíf og upplýsingaskilti um fugla. Frá Króknum er aðeins um hálf tíma akstur í Varmahlíð, Hóla, Hofsós eða Grettislaug,

og fyrir vetrargesti tekur aðeins um 15 mínútur að komast á frábært skíðasvæði í Tindastóli.

Krókurinn

Sauðárkrókur er stærsta þjónustumiðstöð Norðurlands vestra

Vissirðu að...

...Nike hefur framleitt skó úr fiskroði frá Sjávarleðri ehf á Sauðárkróki?



Hólar í Hjaltadal

Hólar eru einn sögufrægasti staður Íslands og biskupssetur um aldir. Kirkja hefur staðið á Hólum frá 11. öld, en núverandi kirkja var reist 1763. Hún er byggð úr rauðum sandsteini úr fjallinu Hólabyrðu og er elsta steinkirkja á Íslandi. Kirkjuna prýðir margt fallegra muna og reglulega er boðið upp á leiðsögn um hana.

Kirkjuturninn er 27 metra hár og stendur við hlið kirkjunnar. Hann var reistur á 400 ára dánarafmæli Jóns Arasonar, sem var hálhöggvinn ásamt sonum sínum árið 1550, en Jón var síðasti kaþólski biskupinn á Íslandi.

Háskólinn á Hólum hefur stækkað ört á síðustu árum og hefur fjöldi nemendagarða verið byggður. Íbúar Hóla eru yfir tvö hundruð talsins að vetri til.

Skólinn sérhæfir sig í ferðamálafræðum, hrossarækt og reiðmennsku, auk fiskeldis og fiskalífrræði.

Fornleifauppgröftur hefur farið fram á Hólum síðustu ár og hafa yfir 40 þúsund munir fundist. Úrval forngripa er til sýnis í gamla skólahúsinu.

Á Hólum eru torfbærinn Nýlbær, stokka- og stafverkshúsið Auðunarstofa og Theodórsstofa. Bæklinga um Hóla má finna í anddyri skólahússins.

Mikil veðursæld er í Hjaltadalnum og í Hólaskógi er fallett tjaldsvæði í kyrrlátum rjóðrum. Um skóginn hlykkjast spennandi göngustígar sem leiða mann inn í undraheima lífandi náttúru þessa forna sögustaðar.

Eftir góðan göngutúr í Hólaskógi eða Gvendarskál er gott að slaka á í heita pottinum í sundlauginni.

Hólar

Hólar voru höfuðstaður Norðurlands í yfir 700 ár



Hofsós

Saga Hofsóss, sem lengi var aðal verslunarstaður Skagfirðinga, spannar allt að 400 ár. Það er vinaleg stemning við Hofsána, þar sem gömlu húsin standa fallega uppgerð í brekkunni ofan við bryggjuna. Þar er Pakkhúsið (1772), eitt elsta bjálkahús landsins, sem og forvitnilegar og fróðlegar sýningar í húsum Vesturfarasetursins sem eru byggð í gamla stílnum.

Ýmis afþreying og þjónusta er í boði fyrir ferðamenn á Hofsósi; verslun, veitingar, gisting, verkstæði, sparkvöllur

o.fl. Gaman er að rölta niður í gamla bæjarhlutann og yfir göngubrúna á Hofsá. Það er vel þess virði að eyða dagparti í Vesturfarasetrinu og njóta notalegrar þorpsstemningar á Hofsósi.

Í göngufæri syðst í bænum, við Grafarós, eru rústir af fornum verslunarstað (1835-1915). Niðri í fjörunni neðan við bæinn er gríðarfallegt stuðlaberg sem nauðsynlegt er að skoða þegar Hofsósingar eru sóttir heim. Þar var sagt að væri höfuðstaður álfabyggðar í Skagafirði.

Ný og glæsileg sundlaug verður tekin í notkun á Hofsósi árið 2008.



Hofsós

Notaleg þorpsstemning
og glæsilegar sögusýningar

Varmahlíð

Varmahlíð er einn vinsælasti áningarstaður ferðamanna við Þjóðveg nr. 1; byggðakjarni með fjölbreytt framboð þjónustu. Þar eru m.a. söluskáli, bensínstöð, matvöruverslun og veitingaþjónusta.

Við hlið verslunarmiðstöðvar KS er Upplýsingamiðstöð ferðamanna. Þar kynnir handverksfélagið Alþýðulist skagfirskt handverk. Í Varmahlíð er gott íþróttahús, barnvæn sundlaug og sparkvöllur. Í Varmahlíð og nágrenni er hægt að fá gistingu í orlofshúsum, bændagistingu, tjaldsvæði og á hóteli.

Á góðviðrisdegi er gaman að ganga um í skógræktinni á Reykjarhólnum, á göngustígum sem liggja m.a. upp að útsýnisskífu efst á hólnum, þaðan sem útsýni er einstakt yfir miðhéraðið.

Í Varmahlíð er menningarhúsið Miðgarður, þar sem boðið er upp á ýmsar skemmtanir árið um kring, en þar hafa m.a. aðstöðu sína Karlakórinn Heimir, Rökkurkórinn o.fl.

Skagafjarðardalir og hálendi

Gott framboð þjónustu er fyrir ferðamenn í sveitunum sunnan Varmahlíðar. Þar er fjölbreytt úrval gistingar, veitinga-

þjónustu og margir valkostir í afþreyingu, s.s. gönguferðir, sund, flúðasiglingar, hestaferðir og hestasýningar. Þar eru merkir sögustaðir á annarri hverri þúfu og alls staðar stutt í fallega náttúru.

Í Steinastaðabyggð er blómleg ferðaþjónusta og þar er Aldamótaskógur sem gaman er að ganga um.

Austurdalur er náttúru- og útivistarperla sem vert er að skoða nánar, en á leið þangað má fara yfir Jökulsá með kláfi (við Skatastaði), ganga um Merkigilið eða koma koma við í Ábæjarkirkju. Hægt er að komast inn á hálendið úr Skagafirði, bæði Kjalveg og Sprengisandsleið.

Varmahlíð
og framsveitir
Opna þér leiðir til allra átta



Gleði og gaman

Verið velkomin á skemmtilega skagfirska viðburði allt árið



Í Skagafirði er fjöldi árlegra viðburða sem kynntir eru í viðburðadagatölum vor og vetur.

Tekið til kostanna

Alþjóðlegir hestadagar í Skagafirði sem haldnir eru í apríl, fyrstu helgi sumars ár hvert. Fjölbreyttar hestasýningar og skemmtun alla dagana. Hápunktur hestadaganna eru stórsýningar í Reiðhöllinni Svaðastöðum á Sauðárkróki, föstudags- og laugardagskvöld.

Sæluvika – lista- og menningarhátíð

Sæluvika Skagfirðinga er landsþekkt lista- og menningarhátíð með mikla hefð. Sæluvikan fer fram um mánaðamótin apríl/maí og þá bjóða Skagfirðingar til menningarveislu með fjölbreyttri dagskrá í heila viku.

Jónsmessuhátíð í Hofsósi

Þorpshátíð þar sem Hofsósingar bjóða til ævintýradaga með skemmtilegri dagskrá fyrir alla fjölskylduna, frá föstudegi til sunnudags helgina eftir Jónsmessuna, ár hvert.



Hólahátíð

Helgihald, pílágrimagöngur og menningarviðburðir. Hólahátíðin er jafnan um miðjan ágúst.

Íþróttaviðburðir

Á síðustu árum hafa Skíðalandsmót Íslands, Landsmót- og Unglingalandsmót UMFÍ, Landsmót hestamanna og fleiri stórmót verið haldin í Skagafirði.

Aðstaða til ýmiskonar íþróttaiðkunar er mjög góð í héraðinu og áfram er stefnt að því að Skagafjörður verði mikilvægur vettvangur stórra íþróttamóta.

Á sumrin flykkist ungt íþróttafólk á fótboltamótin Króksmót og Landsbankamót stúlkna, auk þess sem Norðurlandsmót í frjálsum íþróttum hefur verið vinsælt.

SveitaSæla - Landbúnaðarsýning

Landbúnaðarsýning og bændahátíð í Reiðhöllinni Svaðastöðum við Sauðárkrók er árleg vöru- og vélasýning með fjölbreyttri dagskrá fyrir alla fjöldskylduna. Haldin frá föstudegi til sunnudags, þriðju helgina í ágúst.

Laufskálarétt

Laufskálarétt í Hjaltadal er vinsælasta stóðrétt landsins en þangað mæta árlega allt að þrjú þúsund gestir.

Alla jafna hefst Laufskálaréttarhelgin á föstudagskvöldi með stórskemmtun í Reiðhöllinni Svaðastöðum. Á laugardegnum er réttað eftir að stóðið hefur verið rekið úr Kolbeinsdalnum, og um kvöldið eru svo fjölmennir réttardansleikir. Laufskálarétt fer fram síðustu helgina í september.



Skíðasvæðið í Tindastóli

- Lyfta í Tindastóli: 1.100 m, upplýst
- Hæð í m.y.s: 445 m – 690 m (fallhæð 245 m)
- Göngurhringur upplýstur, alls um 3.000 m
- Útleiga á skíðum, brettum og göngubúnaði
- Útlán á hjálmum fyrir börnin meðan birgðir endast
- Kaffi, kakó, bakkelsi og aðrar veitingar
- Vefmyndavél og upplýsingar á www.tindastoll.is/skidi

Vetur í Skagafirði

Skíðasvæðið í Tindastóli er einstaklega hentugt fyrir alla fjölskylduna, með brekkum fyrir jafnt byrjendur sem lengra komna, brettafólk og gönguskiðamenn.

Skíðabrekkurnar eru breiðar og veita mikla möguleika. Neðri hluti svæðisins (neðstu 300 m) hentar mjög vel börnum og byrjendum. Efri hlutinn er brattari og fyrir brettafólkið eru spennandi gil meðfram aðalbrekkunni.

Á svæðinu er troðin göngubraut sem er upplýst að mestu og í skíðaskálanum eru seldar heimilislegar veitingar.

Það tekur um þrjá tíma að skjótast úr höfuðborginni í Tindastólinn, þar sem bíða þín pallar, púður, fjör og brosandí andlit um allar brekkur!

Fjölbreytt menningarstarf

Söng- og kórastarf er í miklum blóma yfir vetrartímann og þá lifnar einnig yfir leiklistarfólki. Fjöldi viðburða er í desembermánuði og þá er gefið út sérstakt viðburðadagatal.

Áshús í Glaumbæ er opið um helgar á jóla-föstu. Þar er kynnt jólahald fyrr á tímum og boðnar veitingar í anda jólanna. Þorrablót og fleiri viðburðir taka svo við eftir áramótin og svo má ekki gleyma fjölbreyttri dagskrá kringum skíðahelgi á páskum í Tindastólum. Af öðrum viðburðum má nefna fjölmarga íþróttaviðburði, t.d. í körfubolta og hestaíþróttum.





Sundlaugar í Skagafirði

Í Skagafirði má finna fjöldann allan af hressandi sundlaugum og notalegt er að slaka á heitum pottum!

Sundlaug Sauðárkróks > ☎ 453 5226
25m laug - heitur pottur

Sundlaugin í Varmahlíð > ☎ 453 8824
25m laug - barnalaug - rennibraut - heitur pottur - þreksalur

Sundlaugin Steinsstöðum > ☎ 453 8812
16m laug - heitur pottur

Sundlaugin Sölgörðum í Fljótum > ☎ 467 1033
16m laug - heitur pottur

Sundlaugin Hólum í Hjaltadal > ☎ 453 6303
16m laug - heitur pottur

Sundlaugin Bakkaflöt > ☎ 453 8245
Lítill sundlaug - heitur pottur

Enginn er verri þó hann vökni!



Upplýsingamiðstöð Norðurlands vestra í Varmahlíð



Hjá okkur er hægt að fá upplýsingar um ferðabjónustu á Norðurlandi vestra og víðar.

Skagfirskt handverk í úrvali - ullarvörur, minjagripir og fleira.

Frír aðgangur að nettengdri tölvu og ilmandi gott kaffi – opið allt árið!



UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA
Á NORÐURLANDI VESTRA
Varmahlíð Skagafirði Sími 455 6161
upplýsingar@skagafjordur.is

TOURIST INFORMATION CENTER
VARM AHLÍÐ SKAGAFJÓRDUR
Tel. +354 455 6161
info@skagafjordur.is

www.visitskagafjordur.is



Fróðleikur um Skagafjörð

Gott að hafa við hendina á ferð um Skagafjörð - fæst í Upplýsingamiðstöðinni!

Viðburðadagatöl – sumar og vetur
Göngukort með ýtarlegum upplýsingum
Minnismerki í Skagafirði
Söfn á Norðurlandi
Á Sturlungaslóð í Skagafirði
Bæklingar og smárit Bygðasafns Skagafjörðinga
Fuglaskoðun í Skagafirði
Tröllaskagakort – upplýsingar um útvistarparadís framtíðarinnar
Þjónustubæklingur Skagafjarðar
Hólar: Bæklingar um Sögunslóð, Nýjabæ, Auðunarstofu og kirkjuna

